

## Saman gegn heimilisofbeldi

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins undirrituðu 12. janúar samstarfs-samning um átak gegn heimilisofbeldi. Markmið samstarfsins er að bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Mannréttindaskrifstofunni var falið að sjá um verkefnið. Allar nánari upplýsingar um verkefnið veitir Halldóra Gunnarsdóttir, netfang halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is.



Frá undirritun samstarfssamningsins; Sigríður B. Guðjónsdóttir og Dagur B. Eggertsson.

## Kynning á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar



Starfsfólk mannréttindaskrifstofunnar mætir fúslega á vinnustaði borgarinnar til að kynna mannréttindastefnuna. Hægt er að óska eftir stuttum kynningum eða vinnusmiðjum um mannréttindastefnuna. Allt eftir því sem hentar. Vinsamlega hafið samband við skrifstofuna í síma 411 4153.

Einnig er hægt að senda netpóst á Halldóru (halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is) eða Jónu Vigdísi (jvk@reykjavik.is).

# Reykjavík með í verkefninu fjölmenningsborgir

Borgarráð hefur samþykkt tillögu borgarstjóra um að mannréttindaskrifstofa sækji um aðild fyrir hönd Reykjavíkurborgar að verkefninu Fjölmenningsborgir (e. Intercultural Cities) sem rekið er af Evrópuráðinu. Verkefnið styður borgir í að endurskoða stefnumótun út frá sjónarhorni fjölmennings í þeim tilgangi að móta heildstæða fjölmenningsstefnu til þess að gera borgunum betur kleift að stýra fjölbreytileikanum í jákvæðar áttir og raungera hin auknu gæði sem fjölbreytileikinn felur í sér. Þátttökurétt í verkefninu hafa einungis borgir með að minnsta kosti 30 þúsund íbúa og þurfa minnst 5% íbúa að vera af erlendum upp-

runa. Hlutfall íbúa Reykjavíkur með erlent ríkisfang var 8,1% í árslok 2013. Nefnd á vegum Evrópuráðsins heimsótti Reykjavík dagana 16. og 17. október 2014 og skilaði skýrslu með ábendingum um aðgerðir sem Reykjavíkurborg gæti ráðist í til að bæta fjölmenningslega skuldbindingu og hæfni sína. Einnig hefur verið settur á

fót starfshópur sem mun leggja til úrbætur á stefnumótun borgarinnar og móta heildstæða aðgerðaráætlun um uppbyggingu Reykjavíkurborgar sem fjölmenningsborgar. Í starfshópnum eru fulltrúar frá öllum sviðum borgarinnar og formaður er Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri. Nánari upplýsingar um [Intercultural cities](#).



Fulltrúar Evrópuráðsverkefnisins Fjölmenningsborgir ásamt mannréttindastjóra: F.v. Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri, Phil Woods, Oliver Freeman og Irena Guidikova

## Stofnun ársins 2014

Niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins 2014 voru kynntar í Silfurbergi í Hörpu í maí síðastliðnum. Könnunin nær til fjórðungs starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði eða um 52 þúsund manns. Hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sigraði Orkuveita Reykjavíkur í flokki stórra stofnana með meira en 50 starfsmenn. Meðal starfsstaða Reykjavíkurborgar voru tvær frístundasmiðstöðvar

sem fengu tilnefningar, Kampur hlaut 4. sæti og Frostaskjól fékk 2. verðlaun í flokki stærri stofnana, með 50 starfsmenn eða fleiri. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur varð í 5. sæti í hópi minni stofnana. Húsaskóli fékk verðlaun fyrir að vera hástökkvari ársins og var í 6. sæti í hópi minni stofnana. Könnun sem þessi gefur góða mynd af starfsumhverfi og starfsánægju starfsmanna stofnunar/fyrir-

tækis. Starfsmenn geta notað niðurstöðurnar til að meta eigin vinnustað í samanburði við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Einnig er hér ekki síður tækifæri fyrir stjórnendur að gera sér grein fyrir stöðu starfsmannamála og hvar þeir standa í samanburði við aðra. Útnefningar ættu að vera starfsmönnum hvatning til að taka virkan þá í viðhorfskönnunum STRV og fá mynd af sínu starfsumhverfi.



Starfsmenn mannréttindaskrifstofu ásamt Ellý Katrínu Guðmundsdóttur sem kom færandi hendi með ostakörfu í tilefni dagsins.



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri ásamt nokkrum fulltrúum Tælands á þinginu.

## Fjölmenningarþing 15. nóvember 2014

Fjölmenningarþing Reykjavíkurborgar var haldið í Ráðhúsinu í 3ja sinn þann 15. nóvember sl. Þingið hófst með ávarpi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra. Að því loknu hófst hópastarf sem fram fór í fundarsölum Ráðhúss Reykjavíkur, m.a. borgarstjórnarsalnum. Alls búa um 14.000 innflytjendur í Reykjavík og var markmiðið með þinginu

að skapa umræður um málefni innflytjenda og voru umræðuefni m.a. menntamál, gagnkvæm aðlögun, réttindabarátta innflytjenda, fræðslumál, móttaka nýrra íbúa í Reykjavík og fleira. Unnið var í hópum á 11 tungumálum; íslensku, ensku, pólsku, litháísku, rússnesku, tælensku, víetnamísku, kínversku, lettnesku, spænsku og

arábísku. Niðurstöður þingsins verða nýttar í aðgerðaráætlun í verkefninu Fjölmenningarborgir (e. Intercultural Cities) sem er á vegum Evrópuráðsins. Á þinginu var einnig kosið í fjölmenningarráð Reykjavíkur og höfðu allir skráðir þingfulltrúar kosningarétt. Í ráðinu verða 5 fulltrúar, 3 voru kosnir á þinginu og 2 tilnefndir af borgarstjórn.



Hér má sjá þingfulltrúa í hópavinnu í Ráðhúsinu.

# Er Reykjavík hetero eða líka hinsegin?

Freyja Barkardóttir meistaranemi í kynjafræði vann að verkefni sem hefur hlotið heitið „Er Reykjavík bara hetero eða líka hinsegin?“. Verkefnið er styrkt af Vinnumálastofnun og Reykjavíkurborg. Markmið þess er að skoða hvernig hinsegin starfsmenn Reykjavíkurborgar upplifa vinnustaði borgarinnar. Er gagnkynhneigð menning ríkjandi hjá Reykjavíkurborg? Verður hinsegin starfsfólk fyrir fordómum og mismunum á vinnustöðum borgarinnar? Rannsóknin er byggð á viðtölum við starfsmenn Reykjavíkurborgar sem upplifa sig sjálfa sem hinsegin. Hugtakið hinsegin er í þessu samhengi notað sem sveigjanlegt regnhlífarhugtak yfir samkynhneigð, tvíkynhneigð, ókynhneigð, trans, intersex og hvaða önnur heiti sem viðkomandi telur vera við hæfi. Útgangspunktur rann-

sóknarinnar verður að skoða hvort vinnustaðir Reykjavíkurborgar einkennist af kerfisbundinni gagnkynhneigðarhyggju og hvort áreitni, fordómar og mismunur gagnvart hinsegin fólki sé innbyggð í menningu vinnustaðarins. Stofnanabundin gagnkynhneigðarhyggja er skilgreind sem kerfislæg í formgerð og menningu stofnunar og birtist hún hinsegin einstaklingum meðal annars í skilningsleysi, óþægilegum spurningum og gagnkynhneigðri orðræðu. Í könnun sem var gerð á meðal félagsfólks í Samtökunum '78 í janúar og febrúar 2014 var spurt hvort þátttakendur hefðu orðið fyrir leiðinlegum atvikum á vinnustað vegna kynhneigðar sinnar, en leiðinleg atvik eru skilgreind sem t.d. spurningar sem þú kærir þig ekki um, athugasemdir um þig og óviðeigandi grín. Einnig var spurt



Freyja Barkardóttir, meistaranemi í kynjafræði

hvort þátttakendur hefðu orðið vitni að fordómafullri umræðu um hinsegin fólk eða einelti. 70% svarenda höfðu orðið fyrir leiðinlegum atvikum á vinnustað sínum oft, stundum eða sjaldan og í 56% tilvika höfðu atvikin átt sé stað innan síðustu þriggja ára. Þessar niðurstöður gefa tilefni til skoða nánar líðan og stöðu hinsegin fólks á vinnustöðum Reykjavíkurborgar.

## Bæklingur á rússnesku fyrir foreldra

Mannréttindaskrifstofa hefur gefið út bækling fyrir rússneskumælandi foreldra um barnaupplifingu, foreldrahlutverkið og annað sem viðkemur skyldum foreldra og réttindum barna. Sams konar bæklingur er þegar til á ensku, pólsku og filippseyksku, en hvert eintak er jafnframt á íslensku. Búið er að þýða hann á tællensku og verður hann tilbúinn á næstu dögum. Bæklingurinn miðlar hagnýtum upplýsingum fyrir foreldra og aðstandendur barna og er hann skemmtilega myndskreyttur. Meðal þess sem fjallað er um eru barnaverndarlögin, réttindi barna og viðbrögð við ofbeldi gegn börn-



um. Þá eru gefin góð ráð um árangursríkar leiðir í barnaupplifingu og vísað til þess hvar megi sækja sér félagslega ráðgjöf og aðstoð. Bæklingurinn er aðgengilegur á vef mannréttindaskrifstofu. Einnig er hægt að fá hann sendan með því að senda

póst á [mannrettindi@reykjavik.is](mailto:mannrettindi@reykjavik.is) eða hafa samband í síma 411 4153. Bæklingurinn hefur áður verið útgefinn á ensku, pólsku og filippseyksku.

Bæklingurinn má nálgast [hér](#).

# Nýtt mannréttindaráð tók við í júní

Nýtt mannréttindaráð kom til starfa í júní síðastliðnum. Í ráðinu sitja þau: Líf Magneudóttir formaður, Ragnar Hansson varaformaður, Sabine Leskopf, Magnús Már Guðmundsson, Hildur Sverrisdóttir, Magnús Sigurbjörnsson og Jóna Björg Sætran. Varamenn eru: Eyrún Eypórsdóttir, Diljá Ámunda-dóttir, Eva Baldursdóttir, Guðni

Rúnar Jónasson, Marta Guð-jónsdóttir, Börkur Gunnarsson og Katrín Salima Dögg Ólafsdóttir. Áheyrnarfulltrúi er Þórlaug Ágústsdóttir. Ráðið heldur fundi annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Í desember ár hver heldur mannréttindráð fund opinn almenningi og var sá fundur í lönnó 10. desember sl. Yfirskrift

fundarins var að þessu sinni Virkar hún? Fundurinn var vel sóttur þrátt fyrir óveður þann daginn. Á fundinum var fjallað um mannréttindastefnuna og flutt voru erindin; [Hvernig varð hún til?](#), [Mannréttindaborgin Reykjavík?](#) og [Mannréttinda-stefnan sem verkfæri.](#)

## Landsamtökin Geðhjálp hlutu mannréttinda-verðlaun Reykjavíkurborgar 2014

Þann 16. maí ár hvert er haldinn hátíðlegur mannréttindadagur Reykjavíkurborgar. Síðan árið 2008 hafa verið veitt verðlaun til einstaklinga, félagasamtaka eða stofnanna sem hafa á eftirtektarverðan hátt staðið vörð um mannréttindi tiltekinnna hópa. Markmiðið með deginum er að vekja athygli á þeim málum sem varða mannréttindi borgarbúa og á mannréttinda-stefnu borgarinnar. Landsamtökin Geðhjálp voru stofnuð fyrir

35 árum og eru frjáls félagsamtök fólks með geðrænan vanda, aðstandenda þeirra, fagfólks og áhugafólks um bættan hag fólks með geðraskanir og geðfötlun. Samtökin sinna ráðgjafabjónustu, bjóða upp á sjálfshjálparnámskeið og eru með viðburða- og fræðsludagskrá. Jón Gnarr borgarstjóri, afhenti Hrannari Jónssyni formanni stjórnar Geðhjálpar Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar og sagði við af-

hendinguna að Geðhjálp væru vel að viðurkenningunni komin. „Reykjavíkurborg vill leggja sitt lóð á vogarskálarnir svo samtökin geti unnið að því göfuga markmiði að bæta hag geðfatlaðra til virðingar og virkni í fjölbreyttu samfélagi þar sem allir geta og eiga að njóta sín“.

Jón Gnarr fv. borgarstjóri og Margrét Sverrisdóttir þáverandi formaður mannréttindaráðs ásamt fulltrúum Geðhjálpar.



# Hatursorðræða á Netinu

Í ágúst sl. var birt ný greining á hatursorðræðu í ummælakerfum íslenskra netfréttamiðla. Greiningin var unnin af Bjarneyju Friðriksdóttur, doktorsnema í Evrópulöggjöf, og var markmiðið að greina helstu einkenni umræðunnar í ummælakerfum á netfréttasíðum og kanna hvort hún einkennist af hatursorðræðu. Tímabilið sem greiningin nær til er frá mars 2013 til mars 2014. Efnisflokkar sem skoðaðir voru; hælisleitendur/flóttafólk, fólk af erlendum uppruna/innflytjendur, bygging mosku í Reykjavík, jafnrétti kynjanna, feminismi, kynferðislegt ofbeldi og hinsegin fólk.

Í greiningunni kemur einnig fram að merkjanlegur munur er á ummælum í fréttum, greinum eða viðtölum þar sem einstaklingur af erlendum uppruna tjáir sig um samskonar eða svipað mál og Íslendingur. Í þeim tilfellum þar sem einstaklingur af erlendum uppruna tjáir sig er mikið um svívirðingar í garð hans/hennar sem einstaklings

og settar fram athugasemdir eins og „að það eigi bara að senda þetta fólk heim til sín.“ Fólk af erlendum uppruna virðist samkvæmt þessu ekki líðast að hafa gagnrýna rödd í samfélaginu.

Einnig kemur fram að fordómafull ummæli og málf lutningur þeirra sem vilja verja þau lýsa oft skorti á þekkingu á hver takmörk tjáningarfrelsisins eru og hvaða lög og mannréttindaákvæði eru í gildi í landinu. Þá segir í greiningunni að beint samhengi sé á milli þess hvaða viðhorf eru sett fram í umræðukveikjunni og umælunum við henni. Þannig leiði fordómafull umfjöllun af sér fordómafull ummæli. Því gegni fjölmiðlar mikilvægu hlutverki og geta haft áhrif á umræðuna með framsetningu á efninu sem þeir birta.

Í greiningunni er sérstaklega fjallað um umræðu um byggingu mosku í Reykjavík þar sem komu fyrir gróf ummæli sem einkennast af ný-rasisma, kynþáttahyggju og þjóðernishyggju. Meðal annars voru



Bjarney Friðriksdóttir, doktorsnemi í Evrópulöggjöf

settar fram morðhótanir í garð eins af forsvarsmönnum Félags múslima á Íslandi og aðrar persónuárásir. Fram kemur að um það bil 8-10 manna hópur sé mjög virkur í umræðunni um byggingu mosku og búsetu múslima á Íslandi. Nokkrir af þeim halda úti vefsíðum þar sem settur er fram haturs- og hræðsluáróður gagnvart múslimum.

[Hér er hægt að skoða skýrsluna nánar.](#)

## Endurskoðun mannréttindastefnu

Verið er að endurskoða mannréttindastefnu borgarinnar en í samstarfssamningi nýs meirihluta er kveðið á um að hún verði uppfærð og endurskoðuð. Vinnuna leiðir Líf Magneudóttir, Vinstri græn og formaður mannréttindaráðs, en í endurskoðunarhópnum eiga sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna; Kjartan Jónsson fyrir Pírata, Magnús Sigurbjörnsson fyrir Sjálfstæðisflokkinn, Ragnar Hansson fyrir Bjarta Framtíð,

Sabine Leskopf fyrir Samfylkingu og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir fyrir Framsókn og flugvallarvini. Með hópnum starfar Halldóra Gunnarsdóttir á mannréttindaskrifstofu. Hægt er að senda Halldóru ([halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is](mailto:halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is)) eða hverjum þeim sem sitja í hópnum ábendingu um það sem betur má fara í nýrri mannréttindastefnu.



# Fjölmenningardagur Reykjavíkurborgar – aldrei fjölmennari

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur hefur séð um undirbúning og framkvæmd fjölmenningardags borgarinnar undanfarin ár ásamt ýmsum sjálfboðaliðum. Í vor var hátíðin haldin í sjötta sinn og má með sannri segja að hún hafi öðlast sess í hugum borgarbúa enda setur hún skemmtilegan blæ á borgarlífið. Gríðarlegur fjöldi fólks tók þátt í fjölþjóðlegu skrúðgöngunni á Fjölmenningardegi Reykjavíkurborgar. Talið er að yfir 2000 manns hafi fagnað deginum og réði gleðin ríkjum.

Í Ráðhúsinu var fjölþjóðlegur markaður þar sem hægt er að gæða sér á réttum frá ýmsum löndum og skoða varning sem var til sölu. Troðfullt var út úr dyrum og var mikill áhugi meðal gesta að kynna sér ólíkar hefðir og menningu. Barnadagskrá var í löndó og skemmtidagskrá í Tjarnarbíói. Af skemmtiatriðum má nefna Sirkús Íslands, indverskan dans, Ingó Veðurguð, Pál Valdimar jójólistamann, Balkandansa og gestir og gangandi gátu fengið Nigerian Egele headscarf, eða Afríkukórónu.

Hoppukastali og kandífloss var fyrir utan löndó í góða veðrinu, boðið var upp á Origami, gerð pappablóma, handalistaverk, andlitsmálun, blöðrudýr og margt fleira.

Mannréttindaskrifstofa þakkar öllum þeim komu að deginum með einum eða öðrum hætti og hlakkar til að endurtaka leikinn 9. maí.



Glaðbeittir félagar í Rugby Ísland mættu í fjölmenningargönguna.



Frá fjölþjóðlegu skrúðgöngunni þann 10. maí sl.



Fulltrúi frá Tælandi með bros á vör í göngunni.



Fólk á öllum aldri tók þátt í göngunni



Glæsilegar með Afrískar kórónur

# Kynlegar tölur

Mannréttindaskrifstofa gefur árlega út bæklinginn Kynlegar tölur. Bæklingurinn kemur út 8. mars í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti.

Í bæklingnum er forvitnileg tölfræði sem varpar ljósi á ólíka stöðu karla og kvenna eins og hún birtist á ýmsan hátt í borginni og á landinu.

Á árinu 2014 var m.a. hlutur kvenna og karla í fjölmiðlum skoðaður. Íþróttafréttir eru eingöngu fluttar af körlum og þegar umfjöllun Fréttablaðsins

og Morgunblaðsins um íþróttir var skoðuð í febrúar þegar Ólympíuleikarnir stóðu sem hæst hallaði verulega á konur. Ef litið er til ófrjósemisaðgerða kemur í ljós að á árinu 1982 fóru mun fleiri konur en karlar í ófrjósemisaðgerð eða 581 kona og 37 karlar. Árið 2013 hafði þetta snúist við en þá fóru 483 karlar í ófrjósemisaðgerð en 123 konur. Bæklinginn er að finna [hér](#) á netinu en einnig er hægt að fá hann á mannréttindaskrifstofunni.



# Hvar er Hallveig?

Kynslóðirnar móta söguna með þeim áherslum sem þær leggja á tiltekið fólk og tiltekna atburði. Það þarf ekki að leita

langt yfir skammt til þess að sjá að áherslan hefur nær öll verið á karlmenn. Eða hvers vegna er Ingólfi Arnarsyni reist stytta

á Arnarhóli en ekki Hallveigu Fróðadóttur sem kom samtímis honum til landsins og byggði með honum bæ í Reykjavík? Aðeins eitt dæmi af mörgum.

Mannréttindaskrifstofa gaf út bæklinginn Kvennasöguslóðir, í samstarfi við Kvennasögusafn Íslands, þann 19. júní síðastliðinn. Bæklingurinn er afar upplýsandi um þátt kvenna í mótun borgarinnar. Í bæklingnum er kort þar sem merktir eru inn á allir staðirnir sem fjallað er um svo einfalt er að röltu um bæinn með hann í farteskinu.

Bæklinginn er m.a. hægt að fá án endurgjalds í upplýsingaþjónustu Ráðhússins á jarðhæð þess og segir Þórhildur Andrésdóttir sem þar vinnur að hann renni út eins og heitar lummur.

Bæklinginn má ná í [hér](#) og er hann bæði á íslensku og ensku.



Bæklingurinn Kvennasöguslóðir



# Starfsnemi á mannréttindaskrifstofu

Michał Bolek, stúdent í skandinavískum tungumálum og pólsku var í starfsnámi hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Michał býr í Gdańsk í norður Póllandi og í framtíðinni vill hann starfa sem þýðandi. Helstu áhugamál hans eru: erlend tungumál, menning og bókmenntir.

## Hvernig kviknaði hugmyndin að koma í starfsnám til Íslands?

„Eftir eina önn í háskólanum í Stokkhólmi langaðu mig að búa í lengri tíma í einu af Norðurlöndunum, kynnast betur fólki og menningu landanna. Erasmus gaf mér þetta tækifæri. Það eru margar goðsagnir um Ísland sem mjög „exótísk“ og öðruvísi, ég vildi bera saman staðalímyndir við raunveruleikann – meðal annars menningu og daglegt líf.“

## Hver voru þín verkefni á skrifstofunni?

„Ég fékk tækifæri til að kynnast bæði starfsemi skrifstofunnar og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Ég sá um facebook síðu borgarinnar á pólsku; Nasze Miasto. Einnig þýddi ég

efni sem verður notað á nýja pólska síðu sem er í smíðum á reykjavik.is. Ég tók líka þátt í undirbúningi Fjölmennings og hjálpaði til við þjónustu við innflytjendur þegar þess var þörf, aðallega í tungumála samskiptum. Ég heimsótti og kynntist starfsemi Höfuðborgarstofu, Sambandi íslenskra sveitafélaga, Bókmenntaborginni Unesco, Borgarbókasafni og Pólska skólanum í Reykjavík.“

## Hvað kom þér mest á óvart?

„Fjölbreytri vinnu á mannréttindaskrifstofu og vinnufrelsi.“

## Hvað fannst þér skemmtilegast?

„Vinnufriður, skemmtilegir vinnufélagar, áhersla á gæði vinnu

þrátt fyrir lítinn tíma, og síðast en ekki síst hvað mikil áhrif mannréttindastefna hefur á íbúa í Reykjavík.“

## Finnst þér að það vera nauðsynleg að fara í starfsnám?

„Lengri dvöl í nýju landi og að kynnast menningu þjóðar er ómetanlegt og þroskandi. Það nota erlent tungumál á hverjum degi er lærdómsríkt bæði fyrir mig persónulega og væntanlegan vinnuveitanda minn. Ég gat notað þá þekkingu sem ég aflaði mér í háskólanáminu. Ég hef alltaf haft áhuga á mannréttindum og fékk með starfsnáminu tækifæri til að kynnast þeim betur. Ég vonast til að geta nýtt þessa reynslu mína í framtíðinni.“



Michał Bolek var starfsnemi á mannréttindaskrifstofu

# Landsfundur jafnréttisnefnda

Landsfundur jafnréttisnefnda var haldinn í Reykjavík 18. og 19. september sl. Fyrri daginn var ráðstefna opin öllum en seinni dagurinn var einungis fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sem vinnur að jafnréttismálum. Mannréttindaskrifstofa Reykja-

víkurborgar og Jafnréttisstofa sáu um undirbúninginn. Jafnréttisnefndir sveitarfélaga eða þær nefndir sem fara með hlutverk þeirra skulu, skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, leggja fram jafnréttisáætlun til

fjögurra ára. Landsfundurinn var góður undirbúningur fyrir þá vinnu en hann sátu margir nýkjörnir fulltrúar í jafnréttisnefndum sveitarfélaga. Dagskrá og glærur frá fundinum er að finna [hér](#).